

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008

2011/EES/55/11

um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að uppfæra tilskipun ráðsins 88/388/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um bragðefni til notkunar í matvælum og grunnefni til framleiðslu þeirra ⁽³⁾ í ljósi framfara á sviði tækni og vísinda. Til glöggvunar og til að auka skilvirkni skal þessi reglugerð koma í stað tilskipunar 88/388/EBE.
- 2) Í ákvörðun ráðsins 88/389/EBE frá 22. júní 1988 um að framkvæmdastjórnin taki saman skrá yfir grunnefni og önnur efni sem notuð eru við framleiðslu bragðefna ⁽⁴⁾ er kveðið á um að innan 24 mánaða frá samþykkt hennar verði búið að taka saman þessa skrá. Sú ákvörðun er nú úrelt og ber að fella hana úr gildi.
- 3) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/71/EBE frá 16. janúar 1991 til viðbótar tilskipun ráðsins 88/388/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um bragðefni til notkunar í matvælum og grunnefni til framleiðslu þeirra ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um reglur um merkingu bragðefna. Þessi reglugerð kemur í stað þessara reglna og tilskipunin skal nú felld úr gildi.

4) Frjálsir flutningar öruggra og heilnæmra matvæla er ein af grunnstoðum innri markaðarins og stór þáttur í því að vernda heilbrigði og velsæld borgaranna og félagslega og efnahagslega hagsmuni þeirra.

5) Til að vernda heilbrigði manna skal þessi reglugerð ná yfir bragðefni, grunnefni fyrir bragðefni og matvæli sem innihalda bragðefni. Hún skal einnig ná yfir tiltekin innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika, sem er bætt í matvæli í þeim megingitgangi að bragðbæta og sem stuðla með umtalsverðum hætti að tilvist tiltekinna óæskilegra efna, sem koma fyrir í náttúrunni (hér á eftir nefnd innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika), grunnefna þeirra og matvæla sem innihalda þau, í matvælum.

6) Óunnin matvæli, sem ekki hafa verið meðhöndluð á neinn hátt, og ósamsett matvæli, s.s. krydd, kryddjurtir, te eða seyði (t.d. ávaxta- eða jurtate) og blöndur af kryddi og/eða kryddjurtum, te- og seyðisblöndur, falla ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar svo lengi sem þeirra er neytt í óbreyttri mynd og/eða þeim er ekki bætt út í matvælin.

7) Bragðefni eru notuð til að bæta eða breyta lykt og/eða bæta bragð eða breyta bragði af matvælum, í þágu neytandans. Bragðefni og innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika skal aðeins nota ef þau uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þau verða að vera örugg þegar þau eru notuð og tiltekin bragðefni skulu því sæta áhættumati áður en unnt er að heimila notkun þeirra í matvæli. Sérstaklega ber að gæta að því, þegar því verður við komið, hvort notkun tiltekinna bragðefna gæti haft neikvæðar afleiðingar fyrir viðkvæma hópa. Notkun bragðefna má ekki villa um fyrir neytendum og því skal alltaf tilgreina það með viðeigandi merkingu ef þau eru í matvælum. Einkum skal ekki nota bragðefni á neinn þann hátt sem getur villt um fyrir neytendum, m.a. að því er varðar atriði í tengslum við eiginleika, ferskleika, gæði innihaldsefna sem notuð eru, hversu náttúruleg varan eða framleiðsluferlið er eða næringargildi vörunnar. Þegar bragðefni eru samþykkt skal einnig taka tillit til annarra þátta sem skipta máli í þessu tilliti, þ.m.t. þættir er varða samfélagsmál, efnahagsmál, hefðir, siðfræði og umhverfi, varúðarreglan og hagkvæmni eftirlits.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 28.7.2011, bls. 6.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 168, 20.7.2007, bls. 34.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 10. júlí 2007 (Stjtið. ESB C 175 E, 10.7.2008, bls. 176), sameiginleg afstada ráðsins frá 10. mars 2008 (Stjtið. ESB C 111 E, 6.5.2008, bls. 46). Afstada Evrópuþingsins frá 8. júlí 2008 (hefur enn ekki verið birt) og ákvörðun ráðsins frá 18. nóvember 2008.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 184, 15.7.1988, bls. 61.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 184, 15.7.1988, bls. 67.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 42, 15.2.1991, bls. 25.

- 8) Síðan 1999 hafa vísindanefndin um matvæli og síðan Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽⁶⁾, gefið álit sitt á ýmsum eignum sem koma fyrir, í náttúrunni, í grunnefnum fyrir bragðefni og innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika sem eru varasöm frá eiturefnafræðilegu sjónarmiði, samkvæmt sérfræðinganevnd Evrópuráðsins um bragðefni. Efni, sem vísindanefndin um matvæli hefur staðfest að séu varasöm frá eiturefnafræðilegu sjónarmiði, ber að líta á sem óæskileg efni og í óbreyttri mynd skal þeim ekki bætt í matvæli.
- 9) Þar eð óæskileg efni geta komið fyrir náttúrulega í plöntum er hugsanlegt að þau séu fyrir hendi í bragðefnablöndum og innihaldsefnum matvæla með bragðgefandi eiginleika. Plönturnar eru notaðar samkvæmt venju sem matvæli eða innihaldsefni matvæla. Ákvarða skal viðeigandi hámarksgildi leifa fyrir þessi óæskilegu efni í þeim matvælum sem stuðla mest að inntöku manna á þessum eignum, jafnt með tilliti til nauðsynjar þess að vernda heilbrigði manna og þess að þau munu óhjákvæmilega finnast í hefðbundnum matvælum.
- 10) Með hámarksgildum fyrir tiltekin óæskileg efni sem koma fyrir í náttúrunni skal áhersla lögð á þau matvæli eða matvælaflökka sem stuðla mest að inntöku með fæðu. Ef heilbrigði neytenda stafar ógn af fleiri óæskilegum eignum sem koma fyrir í náttúrunni skal ákvarða hámarksgildi að fengnu álit Matvælaöryggisstofnunarinnar. Aðildarríkin skulu skipuleggja eftirlit á grundvelli áhættumats í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽⁷⁾. Matvælaframleiðendum er skylt að taka tillit til þessara efna þegar þeir nota innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika og/eða bragðefni fyrir framleiðslu allra matvæla til að tryggja að matvæli, sem eru ekki örugg, séu ekki sett á markað.
- 11) Gera skal ráðstafanir á vettvangi Bandalagsins til að banna eða takmarka notkun tiltekinna efna úr jurtaríkinu, dýraríkinu, af örverufræðilegum uppruna eða úr steinaríkinu, sem skapa hættu fyrir heilbrigði manna, við framleiðslu bragðefna og innihaldsefna matvæla með bragðgefandi eiginleika og notkun þeirra við matvælaframleiðslu.
- 12) Matvælaöryggisstofnunin skal annast áhættumat.
- 13) Til að tryggja samhæfingu skal áhættumat á bragðefnum og grunnefnum, sem þarf að leggja mat á, og samþykki fyrir þeim fara fram í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽⁸⁾.
- 14) Bragðgefandi efni eru skilgreind, hrein efni, en undir þau falla bragðgefandi efni, sem eru fengin með efnasmíði eða einangruð með efnavinnslu, og náttúruleg bragðgefandi efni. Nú er unnið eftir matsáætlun fyrir bragðgefandi efni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 frá 28. október 1996 um að ákveða málsmeðferð bandalagsins varðandi bragðefni sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í eða á matvælum ⁽⁹⁾. Samkvæmt þeirri reglugerð skal samþykkja skrá yfir bragðgefandi efni innan fimm ára frá samþykkt þeirrar áætlunar. Setja skal nýjan frest að því er varðar samþykkt þeirrar skrár. Lagt verður til að sú skrá verði færð á skrána sem um getur í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 15) Bragðefnablöndur eru bragðefni, önnur en skilgreind, hrein efni, sem eru fengin úr eignum úr jurtaríkinu, dýraríkinu eða af örverufræðilegum uppruna með viðeigandi eðlisfræðilegri, ensím- eða örverufræðilegri aðferð, annaðhvort þegar viðkomandi efni er í sinni upprunalegu mynd eða eftir að það hefur verið unnið til manneldis. Bragðefnablöndur, sem eru unnar úr matvælum, þurfa ekki að fara í gegnum mats- eða samþykktarferli til að þær megi nota í eða á matvælum, nema uppi séu efasemdir um öryggi þeirra. Öryggi bragðefnablandna sem eru unnar úr öðru en matvælum þarf þó að meta og samþykkja.
- 16) Í reglugerð (EB) nr. 178/2002 eru matvæli skilgreind sem hvers konar efni eða vörur, hvort sem þær eru fullunnar, unnar að hluta til eða óunnar, sem fólki er ætlað að neyta eða sem eðlilegt er að vænta að fólk neyti. Efni úr jurtaríkinu, dýraríkinu eða af örverufræðilegum uppruna, sem hægt er að sýna fram á með fullnægjandi hætti að hafi hingað til verið notuð við framleiðslu bragðefna, teljast til matvælaefna í þessu samhengi, jafnvel þótt sum af þessum grunnefnum, s.s. rósaviður og jarðarberjalauf, hafi e.t.v. ekki verið notuð í matvæli. Ekki er nauðsynlegt að meta þau.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1. Leiðrétt útgáfa í Stjtið. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 299, 23.11.1996, bls. 1.

- 17) Á sama hátt er ekki nauðsynlegt að fram fari mats- eða samþykktarferli að því er varðar bragðefni, sem eru unnin úr matvælum með varmaferli við tiltekin skilyrði, til að þau megi nota í eða á matvælum, nema uppi séu efasemdir um öryggi þeirra. Öryggi bragðefna, sem eru unnin með varmaferli úr öðru en matvælum eða uppfylla ekki tiltekin framleiðsluskilyrði, þarf þó að meta og samþykkja.
- 18) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2065/2003 frá 10. nóvember 2003 um reykbragðefni sem eru notuð eða eru ætluð til notkunar í eða á matvælum ⁽¹⁰⁾ er mælt fyrir um verklagsreglur við öryggismat og samþykkt reykbragðefna, í því augnamiði að koma upp tæmandi skrá yfir frumreykþetta og frumtjöruhætti sem heimilt er að nota.
- 19) Forefni bragðefna, s.s. kolvetni, ólígópeptíð og aminosýrur, ljá matvælum bragð vegna efnahvarfa sem eiga sér stað við matvælavinnslu. Ekki er nauðsynlegt að fram fari mats- eða samþykktarferli að því er varðar forefni bragðefna sem eru unnin úr matvælum til að þau megi nota í eða á matvælum, nema uppi séu efasemdir um öryggi þeirra. Öryggi forefna bragðefna sem eru unnin úr öðru en matvælum þarf þó að meta og samþykkja.
- 20) Önnur bragðefni, sem falla ekki undir skilgreiningarnar á áðurnefndum bragðefnum, má nota í eða á matvæli eftir að þau hafa farið í gegnum mats- og samþykktarferli. Sem dæmi má nefna bragðefni, sem eru fengin með því að hita olíu eða fitu þannig að hitastigið verði mjög hátt í mjög stuttan tíma, en það leiðir af sér bragð sem er áþekkt því sem er af grilluðum mat.
- 21) Einungis má heimila að efni úr jurtaríkinu, dýraríkinu, af örverufræðilegum uppruna eða úr steinaríkinu, önnur en matvæli, séu notuð við framleiðslu bragðefna eftir að öryggi þeirra hefur verið metið á vísindalegan hátt. Ef til vill er nauðsynlegt að heimila einungis notkun tiltekinna þátta viðkomandi efnis eða að mæla fyrir um notkunarskilyrði.
- 22) Bragðefni geta innihaldið matvælaaukefni, eins og heimilað er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹¹⁾, og/eða önnur innihaldsefni matvæla sem notuð eru í tæknilegum tilgangi, s.s. vegna geymslu þeirra, stöðlunar, þynningar eða uppleysingar og bindingar.
- 23) Bragðefni eða grunnefni, sem fellur undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 frá 22. september 2003 um erfðabreytt matvæli og fóður ⁽¹²⁾, skal leyft í samræmi við þá reglugerð og jafnframt samkvæmt þessari reglugerð.
- 24) Bragðefni falla áfram undir almenna merkingarskyldu sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ⁽¹³⁾ og, eftir atvikum, í reglugerð (EB) nr. 1829/2003 og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1830/2003 frá 22. september 2003 um rekjanleika og merkingu erfðabreyttra lífvera og rekjanleika matvæla og fóðurvara, sem framleidd eru úr erfðabreyttum lífverum ⁽¹⁴⁾. Auk þess skal setja sértæk ákvæði í þessa reglugerð um merkingar á bragðefnum sem eru seld sem slík til framleiðenda eða neytenda.
- 25) Bragðgefandi efni eða bragðefnablöndur skal einungis merkja sem „náttúruleg“ ef þau eru í samræmi við tilteknar viðmiðanir sem tryggja að ekki sé villt um fyrir neytendum.
- 26) Tryggja skal, með sértækum upplýsingakröfum, að ekki sé villt um fyrir neytendum að því er varðar grunnefnið sem notað er við framleiðslu á náttúrulegum bragðefnum. Sér í lagi skulu bragðefnisþættir vera að öllu leyti náttúrulegir ef orðið „náttúrulegt“ er notað til að lýsa viðkomandi bragðefni. Að auki skal taka fram á merkingum hvaðan bragðefnin eru upprunnin, nema í þeim tilvikum þegar grunnefnið sem um getur eru óþekktanleg í keimnum eða bragðinu af matvælunum. Ef grunnefni er tilgreint skal a.m.k. 95% af viðkomandi bragðefnisþætti vera fengið úr efninu sem um ræðir. Vegna þess að notkun bragðefna má ekki villa um fyrir neytendum má einungis nota hin fimm prósentin í þágu stöðlunar eða til að ljá bragðefninu ögn frísklegra, sterkara, þroskaðra eða ferskara bragð, svo dæmi séu tekin. Hafi minna en 95% af bragðefnisþættinum sem komið er úr umræddu grunnefni verið notað og sé enn hægt að bera kennsl á bragð grunnefnisins skal gera uppskátt hvert grunnefnið er og láta fylgja með tilkynningu þess efnis að öðrum náttúrulegum bragðefnum hafi verið bætt við, t.d. kakókjarni sem öðrum náttúrulegum bragðefnum hefur verið bætt við til að ljá honum vott af bananabragði.
- 27) Neytendur skulu upplýstir um það hvort reykbragð af tilteknum matvælum sé til komið vegna viðbættra reykbragðefna. Í samræmi við tilskipun 2000/13/EB mega merkingarnar ekki valda misskilningi hjá neytendum varðandi það hvort afurðin sé reykt á hefðbundinn hátt með ferskum reyk eða meðhöndluð með reykbragðefnum. Nauðsynlegt er að laga tilskipun 2000/13/EB að skilgreiningunum á bragðefnum, reykbragðefnum og orðinu „náttúrulegur“, að því er varðar lýsinguna á bragðefnum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 309, 26.11.2003, bls. 1.⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1.⁽¹³⁾ Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 24.

- 28) Að því er varðar mat á öryggi bragðgefandi efna fyrir heilbrigði manna eru upplýsingar um neyslu og notkun bragðgefandi efna mjög mikilvægar. Því er rétt að reglubundið eftirlit sé haft með því hversu miklu magni af bragðgefandi efnum er bætt í matvæli.
- 29) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁵⁾.
- 30) Einkum skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að breyta viðaukunum við þessa reglugerð og til að samþykkja viðeigandi bráðabirgðarástafanir að því er varðar stofnun skrár Bandalagsins. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 31) Ef málefnið er svo brýnt að ekki reynist unnt að virða hefðbundinn frest í tengslum við reglunefndarmeðferð með grannskoðun skal framkvæmdastjórnin geta beitt flýtimeðferðinni, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB, við samþykkt ráðstafana sem lýst er í 2. mgr. 8. gr. og breytingum á II. til V. viðauka þessarar reglugerðar.
- 32) Aðlaga ber II. til V. viðauka við þessa reglugerð, eftir því sem þörf krefur, í samræmi við framfarir í vísindum og tækni, með tilliti til upplýsinga sem framleiðendur og notendur bragðefna veita og/eða eru afrakstur af vöktun og eftirliti aðildarríkjanna.
- 33) Til þess að þróa og uppfæra lög Bandalagsins um bragðefni á eðlilegan og skilvirkan hátt er nauðsynlegt að safna gögnum, deila upplýsingum og samræma vinnu milli aðildarríkjanna. Í því skyni getur verið gagnlegt að framkvæma rannsóknir til að fjalla um tiltekin atriði með það í huga að greiða fyrir ferlinu við ákvarðanatöku. Það er við hæfi að Bandalagið fjármagni slíkar rannsóknir sem lið í fjárlagagerð sinni. Fjármögnun slíkra ráðstafana fellur undir reglugerð (EB) nr. 882/2004.
- 34) Þar til skrá Bandalagsins hefur verið komið á fót skal setja ákvæði um mat og samþykki á bragðgefandi efnum, sem falla ekki undir matsáætlunina sem um getur í reglugerð (EB) nr. 2232/96. Því er rétt að mæla fyrir um bráðabirgðafyrirkomulag. Samkvæmt því fyrirkomulagi skal meta og samþykkja slík bragðgefandi efni í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1331/2008. Tímabilin, sem kveðið er á um í þeirri reglugerð varðandi tímamann sem Matvælaöryggisstofnunin hefur til að samþykkja álit sitt og framkvæmdastjórnin hefur til að leggja drög að reglugerð um uppfærslu á skrá Bandalagsins fyrir fastanefndina um matvælaferlið og heilbrigði dýra, gilda þó ekki, vegna þess að sú matsáætlun sem nú er unnið eftir skal hafa forgang.
- 35) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að mæla fyrir um reglur Bandalagsins um notkun bragðefna og tiltekinna innihaldsefna matvæla með bragðgefandi eiginleika í og á matvælum, og markmiðinu verður því, í þágu heildstæðs markaðar og öflugrar neytendaverndar, betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, sem kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.
- 36) Nauðsynlegt er að laga reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum ⁽¹⁶⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegrar merkingar á brenndum drykkjum ⁽¹⁷⁾, að tilteknum, nýjum skilgreiningum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 37) Því ber að breyta reglugerðum (EBE) nr. 1601/91, (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

I. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um bragðefni og innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika, sem eru notuð í og á matvæli, í því skyni að tryggja skilvirka starfsemi innri markaðarins en jafnframt því að tryggja öfluga heilsuvernd manna og öfluga neytendavernd, þ.m.t. að vernda hagsmuni neytenda og góðar starfsvenjur í viðskiptum með matvæli að teknu tilliti til umhverfisverndar, eftir því sem við á.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1.

⁽¹⁷⁾ Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

Í því skyni er í þessari reglugerð kveðið á um:

- a) skrá Bandalagsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt hefur verið að megi nota í og á matvæli, sem sett er fram í I. viðauka (hér á eftir nefnd „skrá Bandalagsins“),
- b) notkunarskilyrði bragðefna og innihaldsefna matvæla með bragðgefandi eiginleika í og á matvæli,
- c) reglur um merkingu bragðefna.

2. gr:

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um:

- a) bragðefni sem eru notuð eða ætluð til notkunar í eða á matvæli, með fyrirvara um sértækari ákvæði sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 2065/2003,
- b) innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika,
- c) matvæli sem innihalda bragðefni og/eða innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika,
- d) grunnefni fyrir bragðefni og/eða grunnefni fyrir innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

- a) efni sem hafa eingöngu sætt, súrt eða salt bragð,
- b) óunnin matvæli,
- c) ósamsett matvæli og blöndur t.d., en ekki eingöngu, af fersku, þurrkuðu eða frosnu kryddi og/eða kryddjurtum, teblöndur og blöndur fyrir seyði, svo framarlega sem þær hafa ekki verið notaðar sem innihaldsefni matvæla.

3. gr:

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og (EB) nr. 1829/2003.

2. Í þessari reglugerð gilda jafnframt eftirfarandi skilgreiningar:

- a) „bragðefni“: afurðir sem eru:
 - i) ekki ætlaðar til neyslu í óbreyttri mynd og er bætt í matvæli í þeim tilgangi að gefa ilm og/eða bragð eða breyta ilmi og/eða bragði,

- ii) búnar til úr eða samanstanda af eftirfarandi flokkum: bragðgefandi efnum, bragðefnablöndum, bragðefnum sem eru unnin með varmaferli, reykbragðefnum, forefnum bragðefna eða öðrum bragðefnum eða blöndum úr öllu framangreindu, b) „bragðgefandi efni“: skilgreint, hreint efni sem hefur bragðgefandi eiginleika,

- c) „náttúrulegt bragðgefandi efni“: bragðgefandi efni sem fengið er með viðeigandi eðlisfræðilegri, ensím- eða örverufræðilegri aðferð úr efni úr jurtaríkinu, dýraríkinu eða af örverufræðilegum uppruna, annaðhvort í upprunalegu formi eða eftir meðhöndlun með tilliti til manneldis eftir einni eða fleiri af þeim hefðbundnu matvinnsluaðferðum sem skráðar eru í II. viðauka. Náttúruleg bragðgefandi efni eru efni sem fyrirfinnast, og hafa greinst, í náttúrunni.

- d) „bragðefnablanda“: afurð sem ekki er bragðgefandi efni, fengin úr:
 - i) matvælum með viðeigandi eðlisfræðilegri, ensím- eða örverufræðilegri aðferð, annaðhvort í upprunalegu formi efnisins eða eftir meðhöndlun með tilliti til manneldis eftir einni eða fleiri af þeim hefðbundnu matvinnsluaðferðum sem skráðar eru í II. viðauka,

og/eða

- ii) efni úr jurtaríkinu, dýraríkinu eða af örverufræðilegum uppruna, öðru en matvælum, með viðeigandi eðlisfræðilegri, ensím- eða örverufræðilegri aðferð, sé viðkomandi efni notað óunnið eða tilreitt með einni eða fleiri af þeim hefðbundnu matvinnsluaðferðum sem skráðar eru í II. viðauka,

- e) „bragðefni, unnið með varmaferli“: afurð sem verður til að lokinni hitameðferð með blöndu af innihaldsefnum, sem þurfa ekki nauðsynlega að hafa sjálf bragðgefandi eiginleika, þar sem a.m.k. eitt þeirra inniheldur köfnunarefni (amínó) og önnur er afoxandi sykra og koma eftirfarandi innihaldsefni til greina fyrir framleiðslu bragðefna, sem unnin eru með varmaferli:
 - i) matvæli,

og/eða

- ii) önnur grunnefni en matvæli,

- f) „reykbragðefni“: afurð sem fæst með þættingu og hreinsun þettaðs reyks svo út koma frumreykþétti, frumtjörupættir og/eða afleidd reykbragðefni eins og þetta er skilgreint í 1., 2. og 4. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2065/2003,

g) „forefni bragðefna“: afurð, sem þarf ekki nauðsynlega að hafa sjálf bragðgefandi eiginleika, sem er visvitandi bætt í matvæli í þeim eina tilgangi að framkalla bragð með því að brjóta niður eða hvarfast við aðra efnisþætti meðan á matvælavinnslu stendur, en það má vinna úr:

i) matvælum,

og/eða

ii) önnur grunnefni en matvæli,

h) „önnur bragðefni“: bragðefni sem er bætt eða er ætlað að vera bætt í matvæli, í þeim tilgangi að gefa ilm og/eða bragð, og falla ekki undir skilgreiningar b) til g),

i) „innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika“: innihaldsefni matvæla, annað en bragðefni, sem bæta má í matvæli í þeim megintilgangi að bæta við þau bragði eða breyta bragði þeirra, og sem leiðir í ríkum mæli til tilvistar óæskilegra efna, sem koma fyrir í náttúrunni, í matvælum,

j) „grunnefni“: efni úr jurtaríkinu, dýraríkinu, af örverufræðilegum uppruna eða steinaríkinu sem bragðefni eða innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika eru búin til úr, en þau geta verið:

i) matvæli,

eða

ii) önnur grunnefni en matvæli,

k) „viðeigandi eðlisræn aðferð“: eðlisræn aðferð sem ekki er beitt til að breyta efnafræðilegum eiginleikum efnisþátta bragðefnisins af ásetningi, með fyrirvara um þær hefðbundnar matvinnsluaðferðir sem skráðar eru í II. viðauka, og felur m.a. ekki í sér notkun gagnspuna súrefni, ósons, ólífrænna hvata, málmhvata, málmlífrænna prófefna og/eða útfjólublárrar geislunar.

3. Að því er varðar skilgreiningarnar í d-, e-, g- og j-lið 2. mgr. skulu grunnefni, sem umtalsverðar heimildir eru til um að hafi verið notuð í framleiðslu bragðefna, teljast til matvæla í þessari reglugerð.

4. Bragðefni geta innihaldið matvælaaukefni, eins og heimilað er í reglugerð (EB) nr. 1333/2008, og/eða önnur innihaldsefni matvæla sem er bætt í þau í tæknilegum tilgangi.

II. KAFLI

SKILYRÐI FYRIR NOTKUN BRAGÐEFNA, INNIHALDSEFNA MATVÆLA MEÐ BRAGÐGEFANDI EIGINLEIKA OG GRUNNEFNA

4. gr.

Almenn skilyrði fyrir notkun bragðefna eða innihaldsefna matvæla með bragðgefandi eiginleika

Einungis má nota bragðefni eða innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika, sem uppfylla eftirfarandi skilyrði, í eða á matvæli:

a) þau hafa ekki í för með sér áhættu fyrir heilbrigði neytenda, á grundvelli fyrirliggjandi vísindabekkingar og

b) notkun þeirra villir ekki um fyrir neytendum.

5. gr.

Bann við bragðefnum og/eða matvælum sem uppfylla ekki kröfur

Enginn skal setja bragðefni eða matvæli, sem slíkt bragðefni og/eða innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika hefur verið notað í, á markað ef notkun þeirra uppfyllir ekki kröfur þessarar reglugerðar.

6. gr.

Tilvist tiltekinna efna

1. Efnum, sem skráð eru í A-hluta III. viðauka, skal ekki bætt í matvæli í óbreyttri mynd.

2. Með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 110/2008 skal ekki fara yfir hámarksgildi tiltekinna efna, sem eru til staðar frá náttúrunnar hendi í bragðefnum og/eða innihaldsefnum matvæla með bragðgefandi eiginleika, í samsettu matvælunum, sem skráð eru í B-hluta III. viðauka, í kjölfarið á notkun bragðefna og/eða innihaldsefna matvæla með bragðgefandi eiginleika í og á þessi matvæli. Hámarksgildi fyrir efnin, sem sett eru fram í III. viðauka, gilda um matvælin eins og þau eru sett á markað, nema annað sé tekið fram. Þrátt fyrir þessa meginreglu skulu hámarksgildi fyrir þurrkuð og/eða þykkt matvæli, sem þarf að endurgera með því að bæta vatni í þau, gilda um matvælin sem eru endurgerð samkvæmt leiðbeiningunum á merkimiðanum, að teknu tilliti til lágmarkspynningarstuðulsins.

3. Heimilt er að samþykkja ítarlegar reglur til framkvæmdar 2. mgr., í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr., í kjölfar álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), ef nauðsyn krefur.

7. gr.

Notkun tiltekinna grunnefna

1. Ekki skal nota grunnefni, sem skráð eru í A-hluta IV. viðauka, við framleiðslu á bragðefnum og/eða innihaldsefnum matvæla með bragðgefandi eiginleika.

2. Einungis má nota bragðefni og/eða innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika sem framleidd eru úr grunnefnum, sem skráð eru í B-hluta IV. viðauka, að uppfylltum skilyrðunum sem tilgreind eru í þeim viðauka.

8. gr.

Bragðefni og innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika sem ekki þarf að meta og samþykkja

1. Heimilt er að nota eftirfarandi bragðefni og innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika í eða á matvælum án þess að þau séu metin og samþykkt samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að þau séu í samræmi við 4. gr.:

- a) bragðefnablöndur, sem um getur í i. lið d-liðar 2 mgr. 3. gr.,
- b) bragðefni, unnin með varmaferli, sem um getur í i. lið e-liðar 2. mgr. 3. gr., sem eru í samræmi við skilyrðin fyrir framleiðslu bragðefna, sem eru unnin með varmaferli, og hámarksgildin fyrir tiltekin efni í bragðefnum, sem eru unnin með varmaferli, sem mælt er fyrir um í V. viðauka,
- c) forefni bragðefna, sem um getur í i. lið g-liðar 2 mgr. 3. gr.,
- d) innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika.

2. Ef framkvæmdastjórnin, aðildarríki eða Matvælaöryggisstofnunin lætur í ljós efasemdir um öryggi bragðefnis eða innihaldsefnis matvæla með bragðgefandi eiginleika sem um getur í 1. mgr. skal Matvælaöryggisstofnunin, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., láta fara fram áhættumat á slíku bragðefni eða innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika. Ákvæði 4., 5. og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 gilda þá, að breyttu breytanda. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin samþykkja ráðstafanir, í kjölfar álits Matvælaöryggisstofnunarinnar, sem er ætlað að breyta þeim þáttum þessarar reglugerðar sem ekki teljast grundvallaratriði, m.a. með því að bæta við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 21. gr. Mælt er fyrir um slíkar ráðstafanir í III., IV. og/eða V. viðauka, eftir því sem við á. Ef málefnið er mjög brýnt getur framkvæmdastjórnin gripið til flýtimeðferðarinnar sem um getur í 4. mgr. 21. gr.

III. KAFLI

SKRÁ BANDALAGSINS YFIR BRAGÐEFNI OG GRUNNEFNI SEM HLOTIÐ Hafa SAMÞYKKI FYRIR NOTKUN Í OG Á MATVÆLUM

9. gr.

Bragðefni og grunnefni sem nauðsynlegt er að meta og samþykkja

Þessi kafli gildir um:

- a) bragðgefandi efni,
- b) bragðefnablöndur, sem um getur í ii. lið d-liðar 2. mgr. 3. gr.,
- c) bragðefni, unnin með varmaferli, sem fást með því að hita innihaldsefni sem falla að hluta til eða alveg undir ii. lið e-liðar 2. mgr. 3. gr. og/eða sem uppfylla ekki skilyrðin fyrir framleiðslu bragðefna, sem eru unnin með varmaferli, og/eða hámarksgildin fyrir tiltekin, óáskileg efni, sem mælt er fyrir um í V. viðauka,
- d) forefni bragðefna, sem um getur í ii. lið g-liðar 2. mgr. 3. gr.,
- e) önnur bragðefni, sem um getur í h-lið 2. mgr. 3. gr.,
- f) grunnefni, önnur en matvæli, sem um getur í ii. lið j-liðar 2. mgr. 3. gr.

10. gr.

Skrá Bandalagsins yfir bragðefni og grunnefni

Af þeim bragðefnum og grunnefnum sem um getur í 9. gr. má einungis setja á markað í óbreyttri mynd þau sem eru í skrá Bandalagsins og nota þau í eða á matvæli samkvæmt þeim notkunarskilyrðum sem þar eru tilgreind, eftir því sem við á.

11. gr.

Færsla bragðefna og grunnefna í skrá Bandalagsins

- 1. Bragðefni eða grunnefni má einungis fara í skrá Bandalagsins, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1331/2008, ef það uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í 4. gr. þessarar reglugerðar.
- 2. Í færslu fyrir bragðefni eða grunnefni í skrá Bandalagsins skal tilgreina:
 - a) sanngreiningu á bragðefninu eða grunnefninu sem samþykkt er,
 - b) ef nauðsyn krefur, við hvaða skilyrði heimilt er að nota bragðefnið.

3. Skrá Bandalagsins skal breytt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1331/2008.

12. gr.

Bragðefni eða grunnefni sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1829/2003

1. Einungis má færa bragðefni eða grunnefni, sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1829/2003, á skrá Bandalagsins í I. viðauka í samræmi við þessa reglugerð ef leyfi hefur verið veitt fyrir því í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1829/2003.

2. Ef bragðefni, sem þegar er á skrá Bandalagsins, er framleitt úr öðru grunnefni sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1829/2003 er ekki þörf á nýju leyfi fyrir það samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að nýja grunnefnið falli undir leyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1829/2003 og bragðefnið uppfylli nákvæmu skilgreininguna sem er fastsett samkvæmt þessari reglugerð.

13. gr.

Ákvarðanir um túlkun

Ef nauðsyn krefur er heimilt að ákveða, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.:

- hvort tiltekið efni eða blanda efna, efniviður eða tegund matvæla fellur undir flokkana sem tilgreindir eru í 1. mgr. 2. gr.,
- hvaða tiltekna flokki, af þeim sem skilgreindir eru í b- til j-lið 2. mgr. 3. gr., tiltekið efni tilheyrir,
- hvort tiltekin afurð tilheyrir matvælaflokki eða er matvæli af þeim toga sem um getur í I. viðauka eða B-hluta III. viðauka.

IV. KAFLI

MERKING

14. gr.

Merking bragðefna sem eru ekki ætluð til sölu til lokaneytenda

1. Bragðefni sem eru ekki ætluð til sölu til lokaneytenda má einungis setja á markað með merkingum sem kveðið er á um í 15. og 16. gr. og þær verða að sjást greinilega, vera auðlesnar og óafmáanlegar. Upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 15. gr. skulu vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt kaupendum.

2. Aðildarríkinu, þar sem varan er sett á markað, er heimilt, á yfirlýðingum sínu og í samræmi við reglur sáttmálans, að mæla fyrir um að upplýsingarnar sem kveðið er á um í 15. gr. skuli birtar á einu eða fleiri tungumálum sem það velur úr hópi opinberra tungumála Bandalagsins. Þetta kemur ekki í veg fyrir að þessar upplýsingar séu gefnar á mörgum tungumálum.

15. gr.

Almennar kröfur um merkingu bragðefna sem ekki eru ætluð til sölu til lokaneytenda

1. Ef bragðefni sem ekki eru ætluð til sölu til lokaneytenda eru seld hvert fyrir sig eða blönduð hvert með öðru og/eða með öðrum innihaldsefnum matvæla og/eða öðrum efnum, sem bætt er í þau skv. 4. mgr. 3. gr., skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum þeirra eða ílátum:

- vörulýsingin: annaðhvort orðið „bragðefni“ eða sértækara heiti eða lýsing á bragðefninu,
- annaðhvort yfirlýsingin „í matvæli“ eða yfirlýsingin „í matvæli, takmörkuð notkun“ eða sértækari tilvísun í fyrirhugaða notkun þess í matvæli,
- ef nauðsyn krefur, sérstök skilyrði varðandi geymslu og/eða notkun,
- merki til að auðkenna lotuna eða framleiðslulotuna,
- skrá, í lækkandi röð eftir þyngd, yfir:
 - bragðefnaflokkana sem eru fyrir hendi og ii. heiti hvers og eins af hinum efnunum eða efniviðunum í afurðinni eða E-númer þeirra, eftir því sem við á,
 - nafn eða firmaheiti og heimilisfang framleiðenda, umbúðafyrirtækis eða seljanda,
 - upplýsingar um hámarks magn hvers efnisþáttar eða flokks efnisþátta sem fellur undir magntakmarkanir í matvælum og/eða viðeigandi upplýsingar, orðaðar á skýran og auðskiljanlegan hátt, sem gera kaupendum kleift að fara að kröfum þessarar reglugerðar eða annarra viðeigandi laga Bandalagsins,
 - nettómagn,
 - lágmarksgeymsluþol eða síðasti notkunardagur,
 - ef við á, upplýsingar um bragðefni eða önnur efni sem um getur í þessari grein og skráð eru í III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB, að því er varðar upplýsingar um innihaldsefni sem eru í matvælum.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að upplýsingarnar, sem krafist er í e og g-lið þeirrar málsgreinar, komi eingöngu fram í skjölum sem tengjast sendingunni, sem skulu lögð fram við eða fyrir afhendingu, að því tilskildu að ábendingin „ekki til smásölu“ komi fram þar sem hún sést vel og greinilega á umbúðum eða íláti vörunnar sem um er að ræða.

3. Ef bragðefni eru afhent í tönkum er heimilt, þrátt fyrir 1. mgr., að allar upplýsingar komi eingöngu fram í fylgiskjölum með vörusendingunni sem skulu lögð fram við afhendinguna.

*16. gr.***Sértækar kröfur fyrir notkun orðsins „náttúrulegt“**

1. Ef orðið „náttúrulegt“ er notað til að lýsa bragðefni í vörulýsingunni, sem um getur í a-lið 1. mgr. 15. gr., gilda ákvæði 2. til 6. mgr. þessarar greinar.

2. Einungis má nota orðið „náttúrulegt“ til að lýsa bragðefni ef bragðefniþátturinn samanstendur eingöngu af bragðefnablöndum og/eða náttúrulegum bragðgefandi efnum.

3. Einungis má nota heitið „náttúruleg(t) bragðgefandi efni“ um bragðefni ef bragðefniþáttur þess inniheldur eingöngu náttúruleg bragðgefandi efni.

4. Einungis má nota orðið „náttúrulegur“ í tengslum við vísun til matvæla, matvælaflokks eða grunns að bragðefnum úr jurta- eða dýraríkinu ef allur efnisþáttur bragðefnisins eða a.m.k. 95% (massahlutfall) hans er fenginn úr grunnefninu sem vísað er til.

Í lýsingunni skal standa „náttúruleg bragðefni matvæla eða matvælaflokks eða grunnefnis“.

5. Einungis má nota hugtakið „náttúruleg bragðefni matvæla eða matvælaflokks eða grunnefnis með öðrum náttúrulegum bragðefnum“ ef bragðefniþátturinn er að hluta til fenginn úr grunnefninu sem vísað er til og ef auðvelt er að bera kennsl á bragðið að því.

6. Einungis má nota hugtakið „náttúrulegt bragðefni“ ef bragðefniþátturinn er unninn úr ólíkum grunnefnum og ef vísun til grunnefnanna gefur ekki til kynna keim eða bragð þeirra.

*17. gr.***Merking bragðefna sem eru ætluð til sölu til lokaneytenda**

1. Með fyrirvara um tilskipun 2000/13/EB, tilskipun ráðsins 89/396/EBE frá 14. júní 1989 um merkingu sem auðkennir framleiðslulotur matvæla⁽¹⁸⁾ og reglugerð (EB) nr. 1829/2003 má einungis setja á markað bragðefni, sem eru seld hvert fyrir sig eða blönduð hvert með öðru og/eða með öðrum innihaldsefnum matvæla og/eða sem öðrum efnum er bætt í og sem eru ætluð til sölu til lokaneytenda, ef á umbúðum þeirra kemur fyrir yfirlýsingin „fyrir matvæli“ eða „í matvæli, takmörkuð notkun“ eða sértækari tilvísun, sem verður að sjást greinilega, vera auðlesin og óafmáanleg, í fyrirhugaða notkun þeirra í matvæli.

2. Ef orðið „náttúrulegt“ er notað til að lýsa bragðefni í vörulýsingunni, sem um getur í a-lið 1. mgr. 15. gr., gildir 16. gr.

*18. gr.***Aðrar kröfur varðandi merkingu**

Ákvæði 14. til 17. greinar gilda með fyrirvara um nákvæmari eða viðtækari lög, reglugerðir eða stjórnsluákvæði varðandi mál og vog eða sem gilda um framsetningu, flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna eða sem gilda um flutning slíkra efna og efnablandna.

V. KAFLI

MÁLSMEDFERÐARÁKVÆÐI OG FRAMKVÆMD*19. gr.***Skýrslugjöf stjórnenda matvælafyrirtækja**

1. Framleiðandi eða notandi bragðgefandi efnis, eða fulltrúi framleiðanda eða notanda, skal að beiðni framkvæmdastjórnarinnar tilkynna henni um hversu miklu magni efnisins er bætt í matvæli innan Bandalagsins á tólf mánaða tímabili. Fara skal með upplýsingarnar sem lagðar eru fram í þessu samhengi sem trúnaðarmál, að svo miklu leyti sem þær eru ekki nauðsynlegar fyrir áhættumatið.

Framkvæmdastjórnin skal gera upplýsingar um notkunarstigið fyrir tiltekna matvælaflokka í Bandalaginu aðgengilegar aðildarríkjunum.

2. Ef um er að ræða bragðefni, sem þegar hefur verið samþykkt samkvæmt þessari reglugerð og er tilreitt með framleiðsluáðferðum eða með upphafsefnum, sem eru verulega frábrugðin þeim sem er að finna í áhættumati Matvælaöryggisstofnunarinnar, skal framleiðandi eða notandi, áður en bragðefnið er sett á markað, leggja nauðsynleg gögn fyrir framkvæmdastjórnina til að Matvælaöryggisstofnuninni sé unnt að meta bragðefnið með tilliti til breyttra framleiðsluáðferða eða eiginleika.

3. Framleiðandi eða notandi bragðefna og/eða grunnefna skal tafarlaust upplýsa framkvæmdastjórnina um allar nýjar vísindalegar eða tæknilegar upplýsingar, sem honum er kunnugt um og hann hefur aðgang að, sem geta haft áhrif á mat á öryggi viðkomandi bragðgefandi efnis.

4. Samþykkja skal ítarlegar reglur um framkvæmd 1. mgr. í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

*20. gr.***Vöktun og skýrslugjöf af hálfu aðildarríkjanna**

1. Aðildarríkin skulu koma á fót kerfum til að vakta neyslu og notkun bragðefna sem koma fyrir í skrá Bandalagsins, sem og neyslu efnanna sem tilgreind eru í III. viðauka, með áhættumiðaðri aðferð og tilkynna framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnuninni um niðurstöður sínar með hæfilegu millibili.

⁽¹⁸⁾ Stjtið. EB L 186, 30.6.1989, bls. 21.

2. Að loknu samráði við Matvælaöryggisstofnunina skal samþykkja sameiginlega aðferðafræði vegna upplýsinga-söfnunar aðildarríkjanna varðandi neyslu og notkun bragðefna, sem koma fyrir í skrá Bandalagsins, og efnanna, sem tilgreind eru í III. viðauka, í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 21. gr., fyrir 20. janúar 2011.

21. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórminskalnjótaaðstoðarfastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 1., 2., 4. og 6. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

22. gr.

Breytingar á II.–V. viðauka

Samþykkja skal breytingar á II.–V. viðauka við þessa reglugerð, sem er ætlað að endurspegla framfarir á sviði vísinda og tækni og breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun, sem um getur í 3. mgr. 21. gr., í kjölfar álits Matvælaöryggisstofnunarinnar, ef nauðsyn krefur.

Ef málefnið er mjög brýnt getur framkvæmdastjórminn gripið til flýtimeðferðarinnar sem um getur í 4. mgr. 21. gr.

23. gr.

Fjármögnun Evrópubandalagsins á samræmdum stefnumálum

Lagagrundvöllur vegna fjármögnunar ráðstafana sem leiða af þessari reglugerð skal vera c-liður 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

VI. KAFLI

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

24. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipun 88/388/EBE, ákvörðun 88/389/EBE og tilskipun 91/71/EBE falli úr gildi frá 20. janúar 2011.

2. Reglugerð (EB) nr. 2232/96 skal felld úr gildi frá og með þeim degi sem skráin, sem um getur í 2. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar, öðlast gildi.

3. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu gerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

25. gr.

Innleiðing skrárinnar yfir bragðgefandi efni í skrá Bandalagsins yfir bragðefni og grunnefni og bráðabirgðafyrirkomulag

1. Skrá Bandalagsins skal komið á fót með því að innleiða skrána yfir bragðgefandi efni, sem um getur í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2232/96, í I. viðauka við þessa reglugerð þegar hún öðlast gildi.

2. Þar til skrá Bandalagsins hefur verið komið á fót gildir reglugerð (EB) nr. 1331/2008 að því er varðar mat og samþykkt bragðgefandi efna sem falla ekki undir matsáætlunina sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2232/96.

Þrátt fyrir þá málsmeðferð gildir níu mánaða fresturinn, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, ekki um slíkt mat og samþykki.

3. Allar viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir, sem ætlað er að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 21. gr.

26. gr.

Breytingar á reglugerð (EBE) nr. 1601/91

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 1. mgr. 2. gr.:

1. í stað fyrsta undirliðar þriðja undirliðar í a-lið komi eftirfarandi:

„— bragðgefandi efni og/eða bragðefnablöndur, eins og skilgreint er í b-lið og d-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli (*), og/eða

(*) Stjóð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.“

2. í stað fyrsta undirliðar annars undirliðar í b-lið komi eftirfarandi:

„— bragðgefandi efni og/eða bragðefnablöndur, eins og skilgreint er í b-lið og d-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða“,

3. í stað fyrsta undirliðar annars undirliðar í c-lið komi eftirfarandi:

„— bragðgefandi efni og/eða bragðefnablöndur, eins og skilgreint er í b-lið og d-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða“.

27. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 2232/96

Í stað 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2232/96 komi eftirfarandi:

„1. Samþykking skal skrána yfir bragðgefandi efni, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 7. gr., eigi síðar en 31. desember 2010“.

28. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 110/2008

Reglugerð (EB) nr. 110/2008 er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað c-liðar í 2. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„c) innihalda bragðgefandi efni, eins og þau eru skilgreind í b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli (*), og bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar,

(*) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.“

2. Í stað c-liðar í 3. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„c) innihalda eitt eða fleiri bragðefni eins og þau eru skilgreind í a-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008“.

3. Í stað 9. liðar í I. viðauka komi eftirfarandi:

„9) Bragðbæting

Bragðbæting er notkun eins eða fleiri af bragðefnunum sem skilgreind eru í a-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 við tilreiðslu brenndra drykkja“.

4. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað c-liðar 19. mgr.:

„c) Einnig má nota önnur bragðgefandi efni, eins og þau er skilgreind í b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, og/eða ilmjurtir eða hluta ilmjurta en skynmatseinkenni einiberja verða þó að vera greinanleg, jafnvel þótt þau kunni að vera veikluð“.

b) Eftirfarandi komi í stað c-liðar 20. mgr.:

„c) Einungis skal nota bragðgefandi efni, eins og þau er skilgreind í b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða bragðefnablöndur, eins og þær eru

skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, við framleiðslu á gini svo að bragðið af einiberjum sé ríkjandi“.

c) Eftirfarandi komi í stað ii. liðar í a-lið 21. mgr.:

ii) blandan af afurð, sem fellur til við slíka eimingu, og etanóli úr landbúnaði með sömu samsetningu, sama hreinleika og alkóhólstyrkleika, en einnig má nota bragðgefandi efni og/eða bragðefnablöndur, sem kveðið er á um í c-lið 20. flokks, til að bragðbæta eimað gin“.

d) Eftirfarandi komi í stað c-liðar 23. mgr.:

„c) Einnig má nota önnur bragðgefandi efni, eins og þau er skilgreind í b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, en bragðið af kúmeni verður að vera ríkjandi“.

e) Eftirfarandi komi í stað c-liðar 24. mgr.:

„c) Einnig má nota önnur náttúruleg bragðgefandi efni, eins og þau eru skilgreind í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, en bragðið af þessum drykkjum má að miklu leyti rekja til eimis af fræjum kúmens (*Carum carvi* L.) og/eða dills (*Anethum graveolens* L.), enda notkun ilmjkjarnaolia bönnuð“.

f) Eftirfarandi komi í stað a-liðar 30. mgr.:

„a) Beiskir, brenndir drykkir eða bitterar eru brenndir drykkir með ríkjandi beisku bragði sem eru framleiddir með því að bragðbæta etanól úr landbúnaði með bragðgefandi efnum, eins og þau eru skilgreind í b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða bragðefnablöndum, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar“.

g) Í stað fyrsta undirliðar og inngangshluta annarrar undirgreinar c-liðar 32. gr. komi eftirfarandi:

„c) Leyfilegt er að nota bragðgefandi efni, eins og þau eru skilgreind í b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, við tilreiðslu á líkjör. Þó skal einungis nota náttúruleg bragðgefandi efni, eins og þau er skilgreind í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, við tilreiðslu á eftirfarandi líkjörum:“.

h) Eftirfarandi komi í stað c-liðar 41. mgr.:

„c) Einungis er leyfilegt er að nota bragðgefandi efni, eins og þau er skilgreind í b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, við tilreiðslu á eggjalíkjör eða advocaat eða avocat eða advokat“.

i) Eftirfarandi komi í stað a-liðar 44. mgr.:

„a) Vákevö glögi eða spritglögg er brenndur drykkur sem er framleiddur með því að bragðbæta etanol úr landbúnaði með bragði af negul- og/eða kanilplöntum með einni af eftirfarandi aðferðum: með því að leggja í bleyti og/eða eima, endureima áfengið ásamt plöntuhlutum af þeim plöntum sem tilgreindar eru hér að framan eða bæta við náttúrulegum bragðgefandi efnum, eins og þau eru skilgreind í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008“.

j) Eftirfarandi komi í stað c-liðar 44. mgr.:

„c) Einnig má nota önnur bragðefni, bragðgefandi efni og/eða bragðefnablöndur, eins og skilgreint er í b-, d- og h-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, en bragðið af þeim kryddum, sem tilgreind eru, verður að vera ríkjandi“.

k) Í c-lið 25., 26., 27., 28., 29., 33., 34., 35., 36., 37., 38., 39., 40., 42., 43., 45. og 46. mgr. skal „bragðefnablöndur“ koma í stað orðsins „efnablöndur“.

29. gr.

Breyting á tilskipun 2000/13/EB

Eftirfarandi komi í stað III. viðauka við tilskipun 2000/13/EB:

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. desember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. Pöttering

forseti

„III. VIÐAUKI

MERKING Á BRAGÐEFNUM Í INNIHALDSLÝSINGU

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skulu bragðefni tilgreind með hugtökunum

— „bragðefni“ eða sértækara heiti eða lýsing á bragðefninu ef bragðefnisþátturinn inniheldur bragðefni eins og þau eru skilgreind í b-, c-, d-, e-, f-, g- og h-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli (*),

— „reykbragðefni“ eða „reykbragðefni framleidd úr matvæli eða matvælum eða matvælaflokki/-flokkum eða grunnefni/-efnum“ (t.d. reykbragðefni framleidd úr beyki) ef bragðefnisþátturinn inniheldur bragðefni eins og þau eru skilgreind í f-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 og gefur matvælunum reykt bragð.

2. Nota skal orðið „náttúrulegt“ til að lýsa bragðefnum í samræmi við 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008.“

30. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 20. janúar 2011.

Ákvæði 10. gr. taka gildi að 18 mánuðum liðnum frá gildistöku degi skrár Bandalagsins.

Ákvæði 26. gr. og 28. gr. gilda frá gildistöku degi skrár Bandalagsins.

Ákvæði 22. gr. gilda frá 20. janúar 2009. Matvæli, sem sett eru á markað eða merkt á lögmætan hátt fyrir 20. janúar 2011 og uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

Fyrir hönd ráðsins,

B. Le Maire

forseti

(*) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.“

I. VIÐAUKI

Skrá Bandalagsins yfir bragðefni og grunnefni sem hlotið hafa samþykki fyrir notkun í og á matvæli

*II. VIÐAUKI***Skrá yfir hefðbundnar matvinnsluaðferðir**

Söxun	Húðun
Hitun, suða, bökun, steiking (upp að 240 °C við loftþrýsting) og þrýstisuða (upp að 120 °C)	Kæling
Stykkjun	Eiming/eimhreinsun
Þurrkun	Fleyting
Uppgufun	Útdráttur, þ.m.t. leysisútdráttur í samræmi við tilskipun 88/344/EBE
Gerjun	Síun
Mölun	
Áhelling	Maukun með því að leggja í bleyti
Vinnsla með örverum	Blöndun
Flysjun	Vætl
Pressun	Geymsla í kæli/frysting
Ristun/glóðarsteiking	Kreisting
Gegnbleyting	

III. VIÐAUKI

Tilvist tiltekinna efna

A-hluti: *Efni sem má ekki bæta í matvæli í óbreyttri mynd*

Agarsýra

Alóín

Kapsaísín

1,2-bensóþýrón, kúmarín

Hýperísín

Beta-asarón

1-allýl-4-metoxýbensen, estragól

Blásýra

Mentófüran

4-allýl-1,2-dímetoxýbensen, metýlevgenól

Púlegón

Kvassín

1-allýl-3,4-metýlendíoxýbensen, safról

Tevkrín A

Tújón (alfa og beta)

B-hluti: *Hámarksgildi tiltekinna efna, sem eru til staðar frá náttúrunnar hendi í bragðefnum og innihaldsefnum matvæla með bragðbætandi eiginleika, í tilteknum samsettum matvælum, tilbúnum til neyslu, sem bragðefnum og/eða innihaldsefnum matvæla með bragðgefandi eiginleika hefur verið bætt við.*

Heiti efnis	Samsett matvæli þar sem takmarkanir gilda fyrir tilvist viðkomandi efnis	Hámarksgildi (mg/kg)
Beta-asarón	Áfengir drykkir	1,0
1-allýl-4-metoxýbensen, estragól (*)	Mjólkurafurðir	50
	Unnir ávextir, grænmeti (þ.m.t. ætisveppir, sveppir, rætur, hnýði, belgjurtir og belgaldin), hnetur og fræ	50
	Fiskafurðir	50
	Óáfengir drykkir	10
Blásýra	Núggat, marsipan eða marsipanlíki eða svipaðar vörur	50
	Niðursoðin steinaldin	5
	Áfengir drykkir	35
Mentófüran	Sælgæti sem inniheldur mintu/piparmintu, að frátöldu mjög smáu sælgæti sem er ætlað að gera andardrátt ferskari	500
	Mjög smátt sælgæti sem er ætlað að gera andardrátt ferskari	3000
	Tyggigúmmí	1000
	Áfengir drykkir sem innihalda mintu/piparmintu	200
4-allýl-1,2-dímetoxýbensen, metýlevgenól (*)	Mjólkurafurðir	20
	Unnar kjötvörur og kjötafurðir, þ.m.t. alifuglakjöt og villibráð	15
	Unnar fiskvörur og fiskafurðir	10
	Súpur og sósur	60
	Tilbúnir, bragðmiklir smáréttir (forréttir, eftirréttir)	20
	Óáfengir drykkir	1

Heiti efnis	Samsett matvæli þar sem takmarkanir gilda fyrir tilvist viðkomandi efnis	Hámarksgildi (mg/kg)
Púlegón	Sælgæti sem inniheldur mintu/piparmintu, að frátöldu mjög smáu sælgæti sem er ætlað að gera andardrátt ferskari	250
	Mjög smátt sælgæti sem er ætlað að gera andardrátt ferskari	2000
	Tyggigúmmí	350
	Óáfengir drykkir sem innihalda mintu/piparmintu	20
	Áfengir drykkir sem innihalda mintu/piparmintu	100
Kvassín	Óáfengir drykkir	0,5
	Brauðvörur	1
	Áfengir drykkir	1,5
1-allýl-3,4-metýlendí-oxýbensen, safról (*)	Unnar kjötvörur og kjötafurðir, þ.m.t. alifuglakjöt og villibráð	15
	Unnar fiskvörur og fiskafurðir	15
	Súpur og sósur	25
	Óáfengir drykkir	1
Tevkrín A	Beiskir, brenndir drykkir eða bitterar ⁽¹⁾	5
	Líkjörar ⁽²⁾ með beisku bragði	5
	Aðrir áfengir drykkir	2
Tújón (alfa og beta)	Áfengir drykkir, að frátöldum þeim sem eru unnir úr Artemisia-tegundum	10
	Áfengir drykkir sem eru unnir úr Artemisia-tegundum	35
	Óáfengir drykkir sem eru unnir úr Artemisia-tegundum	0,5
Kúmarín	Hefðbundnar og/eða árstíðabundnar brauðvörur með merkingu sem sýnir að í þeim sé kanill	50
	Morgunkorn, þ.m.t. músli	20
	Fínt kaffibrauð, að frátöldum hefðbundnum og/eða árstíðabundnum brauðvörum, með merkingu sem sýnir að í því sé kanill	15
	Eftirrétir	5

(*) Hámarksgildin eiga ekki við ef samsettu matvælin innihalda engin viðbætt bragðefni og einu innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika, sem hefur verið bætt í þau, eru ferskar, þurrkaðar eða frystar kryddjurtir og krydd. Framkvæmdastjórnin leggur til breytingar á þessari undanþágu ef við á, að höfðu samráði við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina, á grundvelli gagna, sem aðildarríkin hafa lagt fram, auk nýjustu vísindalegu upplýsinga og með tilliti til notkunar kryddjurtu og krydda og náttúrulegra bragðefnablandna.

⁽¹⁾ Eins og þeir eru skilgreindir í 30. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008.

⁽²⁾ Eins og þeir eru skilgreindir í 32. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008.

IV. VIÐAUKI

Skrá yfir grunnefni sem takmarkanir gilda um að því er varðar notkun þeirra við framleiðslu á bragðefnum og innihaldsefnum matvæla með bragðgefandi eiginleika

A-hluti: *grunnefni sem ekki skal nota við framleiðslu á bragðefnum og/eða innihaldsefnum matvæla með bragðgefandi eiginleika*

Grunnefni	
Latneskt heiti	Almennt heiti
Fjórliðna vaxtargerð <i>Acorus calamus</i> L.	Fjórliðna vaxtargerð <i>Calamus</i>

B-hluti: *Notkunarskilyrði bragðefna og innihaldsefna matvæla með bragðgefandi eiginleika sem unnin eru úr tilteknum grunnefnum*

Grunnefni		Notkunarskilyrði
Latneskt heiti	Almennt heiti	
<i>Quassia amara</i> L. og <i>Picrasma excelsa</i> (Sw)	Beiskjuviður (<i>quassia</i>)	Einungis má nota bragðefni og innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika sem unnin eru úr viðkomandi grunnefni til að framleiða drykkjar- og brauðvörur
<i>Laricifomes officinales</i> (Vill.: Fr) <i>Kotl. et Pouz</i> eða <i>Fomes officinalis</i>	Lerkibarði	Einungis má nota bragðefni og innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika sem unnin eru úr viðkomandi grunnefni til að framleiða áfenga drykki
<i>Hypericum perforatum</i> L.	Jóhannesarjurt	
<i>Teucrium chamaedrys</i> L.	Kóngagræðir	

V. VIÐAUKI

Skilyrði fyrir framleiðslu bragðefna, sem eru unnin með varmaferli, og hámarksgildi fyrir tiltekin efni í bragðefnum, sem eru unnin með varmaferliA-hluti: *Skilyrði fyrir framleiðslu*

- a) Hiti viðkomandi vara skal ekki fara yfir 180 °C við vinnslu.
- b) Varmaferlið skal ekki standa yfir lengur en í 15 mínútur við 180 °C eða í lengri tíma við lægra hitastig, þ.e. í tvöfalt lengri hitunartíma fyrir hverjar 10 °C sem hitinn er minnkaður um, í 12 klukkustundir hið mesta.
- c) Meðan á vinnslu stendur skal pH-gildið ekki fara yfir 8,0.

B-hluti: *Hámarksgildi fyrir tiltekin efni*

Efni	Hámarksgildi (µg/kg)
2-aminó-3,4,8-trimetýlimidasó [4,5-f] kínoxalín (4,8-DiMeIQx)	50
2-aminó-1-metýl-6-fenýlimidasól [4,5-b] píridín (PhIP)	50